

Búist við áttakafundi hjá Geðhjálpar um helgina:

Hóta að hætta á víxl

– stuðningsfulltrúar leita ásjár félagsmálaráðuneytis

Átökin innan Geðhjálpar halda áfram og í gær leituðu fulltrúar Stuðningsþjónustunnar ásjár félagsmálaráðuneytisins. „Við greindum ráðuneytinu frá þeim erfiðu starfsskilyrðum sem við búum við enda eru flestir starfsmenn við það að gefast upp,“ sagði Sigurður Árni Gunnarsson, forstöðumaður Stuðningsþjónustunnar, en hann hefur að undanförmu átt í hörðum deilum við framkvæmdastjóra samtakanna, Svein Magnússon, um starfsemi Stuðningsþjónustunnar.

„Ráðuneytið gaf okkur engin svör að sinni og biða menn væntanlega eftir niðurstöðu aðalfundarins næsta laugardag,“ sagði Sigurður Árni.

Framhaldsaðalfundur Geðhjálpar verður haldinn næstkomandi laugardag og segir Sigurður Árni að búast megi við hörkufundi. Fyrri aðalfundi samtakanna, sem haldinn var síðla í mars, var slitið áður en dagskrá var tæmd.

Stjórnarkjör verður endurtekið á framhaldsaðalfundinum og staðfesti



Sigurður Árni Gunnarsson.



Sigursteinn Másson.

Sveins Magnússonar.

Fyrir í vikunni bárust fréttir af

Kristófer Þorleifsson geðlæknir í samtali við DV í gær að hann myndi bjóða sig fram til formanns, en hann var raunar kjörinn formaður á síðasta aðalfundi. „Ég stend við orð mín og gef aftur kost á mér til formanns,“ sagði Kristófer.

Sigursteinn Másson hefur einnig verið orðaður við formannsstólinn, en hann gegnir nú varaformennsku í samtökunum og er í hópi stuðningsmanna



Barátta um formannsembætti Geðhjálpar

Að öllum líkindum verður formannsslagurinn á milli Kristófers Þorlákssonar og Sigursteins Mássonar en þeir tilheyra hvor sinni fylkingunni í átökunum innan Geðhjálpar.

því að Sigursteinn væri hætstur við en í samtali við DV í gær kvað hann svo ekki vera, hann byði sig fram með ákveðnum skilyrðum. „Ég gef kost á mér sem formaður að því undangengu að lagabreyting þess efnis að starfsmönnum Geðhjálpar

verði meinað að sitja í stjórn gangi eftir,“ sagði Sigursteinn en samþykki 2/3 félagsmanna þarf fyrir lagabreytingum.

Starfsmenn Stuðningsþjónustunnar hafa látið þau orð falla að þeir muni allir segja upp nái Sigursteinn kjöri. „Það er alveg klárt við vinnu ekki undir þeirri stjórn. Þolinmæði okkar er einfaldlega á

þrotum,“ sagði Sigurður Árni. Þá mun Sveinn Magnússon hafa látið þau ummæli falla á starfsmannafundi nýverið að hann myndi sjálfur hætta ef Sigursteinn næði ekki kjöri.

–ap/sbs